

Alþingi, fjárlaganefnd
Umsagnargátt Alþingis

Ísafirði 4. maí 2026

Umsögn um þingsályktun Fjármálaáætlun 2027-2031, mál 577, 157. löggjafarþing

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu (VFS) fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) samkvæmt samningi um umsón með verkefnum sambandsins.

Í þessari umsögn verður lögð áhersla á að fjalla um verkefni og áherslur sem Fjórðungsþing Vestfirðinga og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa sett í forgang.

Forgangsmál.

Afstaða Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu til ákvæða fjármálaáætlunar byggir á þeirri staðreynd að ríkissjóður er að fá verulega tekjuaukningu á áætlunartímabili fjármálaáætlunar með gjaldtöku af fiskeldi, ferðaþjónustu og sjávarútvegi á Vestfjörðum.

Þetta eru lykilatvinnugreinar samfélaga á Vestfjörðum sem eru nú vexti og því fullkomlega eðlileg krafa að þessi tekjuaukning ríkissjóðs komi viðbótar öðrum framlögum til uppbyggingu innviða og eflingar þjónustu á Vestfjörðum. Ekki síst með tilliti hárrar viðhaldsskuldar sem leitt hefur til mikils ójafnræðis á stöðu innviða og þjónustu á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta og nauðsyn að hraða úrbótum á þeim sviðum til að jafna samkeppnisaðstöðu. Samkeppnisstaða sem um langan tíma hefur borið skaða af því að vera ekki hluti af þjóðvegi 1 og vera ekki hluti af hringtengingu flutningskerfis raforku, Byggðalínu.

Hin hliðin á þessari tekjuaukningu ríkissjóðs eru áhrif á rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum og að stjórnvöld fari ekki að ákvæðum sveitarstjórnarlögum og kanni til hlýtar áhrif á rekstur þeirra áður en ákvarðanir eru teknar.

Áherslumál

- **Áætlunarflug.**

Sem ígildi hraðlestarkerfa á erlendri grundu er innanlandsflug lykilþáttur til að jafna aðgengi íbúa á Vestfjörðum að miðlægri þjónustu ríkisins. Samhliða er innanlandsflug lykilþáttur fyrir atvinnulíf s.s. ferðaþjónustu og almenna virkni atvinnulífs auk samfélagslegra þátta fyrir íbúa.

Staða og þróun innanlandsflugs er viðkvæm á Vestfjörðum og mikilvægt að stjórnvöld styðja nú við áætlunarflug til flugvallanna á Bíldudal, Gjögri og nú síðast á Ísafirði. Boðuð lækkun til almenningsgangna utan höfuðborgarsvæðis er því áhyggjuefni. Fjármálaáætlun verður að tryggja að framlög séu í takti við verðlagsþróun og markmiða sem stjórnvöld hafa sett sér með því að styðja við jákvæða byggðapróun um allt land.

- **Innviðagjald.**

Gildistaka innviðagjalds á skemmtiferðaskip og breyting ákvæða tollameðferðar minni skemmtferða, með samþykkt fjárlaga 2025 og áform í frumvarpi til fjárlaga 2026 leiddi fækkunar á komum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða 2025 og 2026 og lækkun tekna ferðþjónustu og sveitarfélaga. Því lýsti 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga¹ í október 2025, miklum áhyggjum af þróun mála og krafðist breytinga.

Í umfjöllun um frumvarps til fjárlaga 2026 var komið verulega til móts þær kröfur um lækkun þessara gjalda og fyrirkomulag um framkvæmd tolla. Áhrif þessa er að koma í ljós, en nú hefur bókunum skemmtiferðaskipa til hafna á Vestfjörðum hefur fjölgað horft til árunna 2028 og 2029 og ekki er séð fram á meiri fækkun en orðin var fyrir árin 2026 og 2027. En eyða þarf óvissu með endanlega tollaframkvæmd fyrir minni skemmtiferðaskip.

Mikilvægt er að fjármálaáætlun staðfestir nú fyrirkomulag gjaldtöku til næstu fimm ára til að skapa traust gagnvart erlendum sem innlendum ferðþjónustuaðilum.

- **Vetrarþjónusta.**

Vetrarþjónusta setur ramma fyrir virkni samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum og þjónustu ríkis og sveitarfélaga s.s. almenningssamgöngur.

Áréttuð er úr fyrri umsögnum, að vinnureglur Vegagerðar, sem innviðaráðherra staðfestir með reglugerð, taka ekki mið af landfærðilegum aðstæðum og fjarlægðum á milli byggðarlaga á Vestfjörðum. Því hefur vetrarþjónusta á Vestfjörðum um árabil sætt meiri tímatakmörkunum í en í öðrum landshlutum.

Með framangreint í huga var það ánægjuefni að framlög til vetrarþjónustu voru hækkuð í fjárlögum 2026, úr 4,5 í 6,8 ma. Hinsvegar er þetta sú fjárhæð sem vetrarþjónusta kostar á Íslandi í dag og af því leiðir að hækkunin jók ekki svigrúm til úrbóta á vetrarþjónustu og vinnureglur eru óbreyttar. Mismunum vetrarþjónusta á Vestfjörðum er því óbreytt á árinu 2026.

Framlög til vetrarþjónustu eru ekki tilgreind sérstaklega í fjármálaáætlun, en samkvæmt þingsályktun um Samgönguáætlun 2026 – 2040 þá munu framlög til vetrarþjónustu á tímabilinu 2026 til 2030, lækka úr 6,8 ma í 6,5 ma til ársins 2030.

Fjórðungssamband og Vestfjarðastofa telja því að við blasi að framkvæmd vetrarþjónustu á Vestfjörðum verði óbreytt á komandi árum og mótmæla harðlega að á engan hátt sé brugðist við þessari mismunum á þjónustu á milli landshluta.

¹ [Þingskjal 27. Ályktun um innviðagjöld](#)

- **Viðhald vega.**

Fagnað er að fjármagn til viðhalds mun hækka úr 12,5 ma í 20 ma á gildistíma framkvæmdaráætlun samgönguáætlunar 2026-2030. Ítrekað hefur verið ályktað á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga á undanförunum árum og áratugum að auka fjármagn til viðhalds vega fjármagn var skorið niður í kjölfar efnahagshruns 2008. Mikilvægt er að fjármálaáætlun staðfesti þessa fyrirætlun um hækkun framlaga til viðhalds vega.

- **Almenningssamgöngur.**

Ungmennaráð Vestfjarða hefur vakið athygli umhverfis og samgöngunefndar Alþingis í umfjöllun um tillögu til þingsályktunar að samgönguáætlun, að þjónusta er að hálfu Vegagerðar gagnvart ungu fólki á Vestfjörðum er nær enginn, í samanburði við þjónustu við ungmenni í öðrum landshlutum.

Að hálfu Vegagerðarinnar er borið við fjárskorti almennt í almenningssamgöngum. Til viðbótar er sú sérstaða fyrir Vestfirði, að skipulag almenningssamgangna sem Vegagerðin hefur umsjón með, hefur ekki fylgt úrbótum á vegakerfinu og heilsárssamgöngum á milli sveitarfélaga og þjónustusvæða. Til dæmis þá miðast fjárhagsrammi Vegagerðar enn við sumarastur s.s. milli Hólmavíkur og Ísafjarðar og Patreksfjarðar. Ákall Ungmennaráðs kristallar því stöðu sem kerfi almenningssamgangna er á Vestfjörðum og mismunun stjórnvalda sem samfélag og atvinnulíf þarf að búa við.

Nú er boðað í tillögu að samgönguáætlun hækkun á framlögum til almenningssamgangna um 3 ma. Sú hækkun virðist eingöngu ætluð höfuðborgarsvæði, en gert er ráð fyrir að draga árlega úr stuðningi við verkefni í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis fram til ársins 2030 og lækka framlög til flugs, landssamgangna og ferja um 12-14% eða um rúmar 500 mkr, en aukið er við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæði um 9% eða um 300 mkr. Horft beint á þessar tölur þá er verið að hækka framlög til höfuðborgarsvæðis á kostnað landsbyggðar.

Horft síðan til hinna takmörkuðu fjárveitinga til málaflokksins á Vestfjörðum, þá má ljóst vera að það er enginn hvati er til úrbóta á áætlunartíma fjármálaáætlunar til almenningssamgangna á Vestfjörðum og þar með svar við ákalli Ungmennaráðs Vestfjarða.

Þess er hér með krafist að fjárlaganefnd fjalli um þessa stöðu og í fjármálaáætlun verði sett aukið fjármagn til leiðrétta mismunum í almenningssamgöngum á Vestfjörðum.

- **Fiskeldisgjald, samfélagsframlag.**

Lagareldi er alþjóðleg samkeppnisgrein og taka verður mið af þróun og stöðu hennar hverju sinni. Sjúkvíaeldi við Ísland hefur vaxið hvað hraðast og er sú eina grein lagareldis sem greiðir sértæk auðlinda og umhverfisgjöld til ríkisins og þá strax í uppbyggingarfasa.

Markaðsaðstæður og sértækar aðstæður á Íslandi eru áskorun fyrir sjúkvíaeldi í dag og því verður gjaldtaka vera hófleg og í takti við aðstæður. Núverandi gjaldtaka er úr samhengi við ríkandi aðstæður og leiðir til beins tapreksturs í greininni.

Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp um Lagareldi sem felur í sér jákvæðar breytingar á fyrirkomulagi ramma þessara gjalda (framleiðslugjald) og ráðstöfun á 1/3 hluta þeirra til sjúkvíaeldisbyggða eða samfélagsframlag. Vakin er athygli á að misræmi er í framsetningu greinargerðar frumvarpsins og fjármálaáætlunar um fjárhæð samfélagsframlags. Greinargerð frumvarps um Lagareldi tilgreinir að það muni nema 500 mkr árið 2028, en í fjármálaáætlun (bls 144) er miðað við að það nemi 649 mkr sama ár. Óskað er eftir að fjárlaganefnd kanni þennan ætlaðan mismun og staðfesti hvaða fjárhæð komi til úthlutunar og fyrirfram er þess krafist að hærri fjárhæðin gildi.

- **Hafnarbótasjóður.**

Í tillögu að samgönguáætlun 2026-2040 er boðað að hafin verði mótun stefnu í hafnarmálum, er það vel. En um leið skal mótmælt mikilli lækkun (18%) framlaga til hafnarbótasjóðs til næstu fimm ára og hækkan á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga. Verkefnum verður því frestað eða þau eru komin aftur á byrjunarreit hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Verði að þessum breytingum þá mun hlutdeild margra sveitarfélaga verða hærri en ríkisins til framkvæmda, en samt telur ríkið að Vegagerðin haldi áfram mótun og stjórnun verkefna tengd hafnarbótum, þetta þarf að auki að endurskoða.

- **Verkmenntahús.**

Áform og samningar um uppbyggingu verkmenntahúss við Menntaskólann á Ísafirði frá 2023, hafa ekki gengið eftir. Verkefnið hefur frestast því hátt í þrjú ár þrátt fyrir yfirlýstan vilja stjórnvalda um að ljúka því í samræmi við samninga. Nú hefur nýr barna og menntamálaráðherra lýst nýrverið því yfir að verkefnið muni komast í framkvæmd og Fjórðungssamband og Vestfjarðastofa beinir til fjárlaganefndar að tryggja að það raungerist.

- **Sóknaráætlanir, framlög til atvinnuráðgjafar og áfangastofur.**

Framlag til starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga er varðar samninga þeirra við stjórnvöld um sóknaráætlanir, atvinnuráðgjöf og áfangastofur, hafa lækkað ár hvert miðað við hagræðingarkröfu ár hvert frá 2018. Eftir átak í tengslum við Covid faraldur

hefur við vinnslu fjárlaga verið aukið við framlagið frá ári til árs, sama á við fjármagn sem veitt er til svæðisbundinnar markaðssetningar ferðaþjónustu. Hefur þessi auka fjárhæð náð að mæta að hluta verðalags og launaþróun. Grunnframlög samkvæmt samningum við ráðuneyti og árleg viðbót í fjárlögum, er því mikilvægur stuðningur við nýsköpun og þróun atvinnulífs í hverjum landshluta og er liður í að hrinda atvinnustefnu stjórnvalda í framkvæmd m.t.t. til sérstöðu hvers landshluta.

Fjármálaáætlun 2027-2031 gerir eingöngu ráð fyrir grunnframlagi til samninga auk almennrar hagræðingarkröfu. Að óbreyttu má því gera ráð fyrir að verulegt bakslag verði á sviði atvinnu og byggðaðróunar í landinu og forsendur samninga við ráðuneyti muni að lokum breyta á tímabili fjármálaáætlunar.

Beint er til fjárlaganefndar að lágmarki verði fest til frambúðar framlög sem veitt hafa verið á fjárlögum hvers árs auk framlaga samkvæmt samningum.

Í umsögn við fjárlög 2026 var lýst áhyggjum af áhrifum nýrra gjaldstofna og verulega þar í milli um áhrif þeirra á atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum, hér er þetta ítrekað að nýju þar sem þá var sagt.

- **Áhrif samþykktra veiðigjalda.** Veiðigjöld sem ákveðin verða nú undir lok árs 2025, verði vöktuð ítarlega gagnvart rekstri fyrirtækja og áhrif á rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- **Kílómetragjald og kolefnisgjald.** Verði álagning kílómetragjalds og hækkun kolefnisgjalds samþykkt á Alþingi er gerð krafa um að áhrif þessara gjaldtöku verði vöktuð ítarlega gagnvart almenningi og rekstri fyrirtækja á Vestfjörðum.
- **Gjaldtaka á fiskeldi.** Ekki var ályktað um gjaldtöku af fiskeldi, enda ekki ljóst þá hvernig áhrif af ákvæðum í nýju frumvarpi um Lagareldi kæmu fram og hlutdeild sjókvíaeldis sérstaklega. En á sama hátt þarf meta og vakta áhrif gjaldtöku á fiskeldi og ítrekuð varnarorð um stöðu og þróun sjókvíaeldis hér að framan.

Ályktanir Fjórðungsþings Vestfirðinga

Hér í viðauka er að finna ályktanir 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga nú á árinu 2025. Tvær ályktanir hér kynntar sérstaklega til að undirstrika bjartsýni með þróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum og stuðningi stjórnvalda við þá vegferð, en samtímis er lýst miklum áhyggjum af áhrifum á skattlagningu stjórnvalda á atvinnugreinar landshlutans

Hér er fyrst vísað til ályktunar 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori, frá 2. apríl 2025

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af þreföldum sértækum Vestfjarðasköttum sem boðaðir er í fjármálaáætlun ríkisins.

Tvöföldun veiðigjalds, hækkun fiskeldisgjalds og sérstakur skattur á skemmtiferðaskip munu eins og þau eru lögð upp hafa gríðarleg áhrif til hins verra á auðlindadrifð útflutningshagkerfi Vestfjarða. Þessir þættir, auk kílómetragjalds, kolefnisgjalds og óvissu í tengslum við flug til Ísafjarðar eru til þess fallnir að draga úr samkeppnishæfni atvinnulífs og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

70. Fjórðungsþing að vori hvetur stjórnvöld til að endurskoða þessi áform og draga þannig úr þeirri óvissu sem framlögð fjármálaáætlun hefur skapað á Vestfjörðum. Boðaðar mótvægisáðgerðir eru enn óútfærðar og fyrirsjáanleiki að auknum tekjum ríkisins verði ráðstafað í uppbyggingu í þágu Vestfirðinga ekki til staðar

Hinsvegar ályktun 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti frá 17. september 2025.

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal 16. og 17. september 2025, ályktar um mikilvægi þess að Vestfirðir verði áfram gullkista Íslands.

Fjórðungsþing fagnar þeirri innviðaupbyggingu sem þegar hefur verið ráðist í, framkvæmdum sem eru nú í gangi og fyrirheitum sem ríkisstjórnin hefur gefið um auknið fé til vegamála og viðhalds. Samfélagið nýtur góðs af, en einnig ferðapjónustan, og þar með eykst geta Íslands til að taka á móti ferðamönnum með sómasamlegum og arðbærum hætti. Aukin vetrarþjónusta og bætt fjarskipti á vegum á Vestfjörðum eru forgangsmál sem tafarlaust þarf að ráðast í til þess að auka öryggi og áreiðanleika.

Stærsta einstaka hagsmunamál Vestfirðinga að því undanskildu er að framkvæmdir við Hvalárvirkjun fari af stað og gangi vel. Með því eykst raforkuöryggi og afhendingargeta kerfisins sem hefur bein og óbein áhrif á iðnað og atvinnulíf. Hvalárvirkjun og tengingar vegna hennar eru fljótlegasta og skynsamlegasta leiðin til að hægt verði standa við markmið stjórnvalda um tvítengingu landshlutans eigi síðar en 2030. Ríkið þarf að standa við sinn hluta til að af virkjun Hvalár geti orðið með uppbyggingu vega og fjarskipta. Með uppbyggingu tengivirkis í innanverðu Ísafjarðardjúpi opnast fyrir aðrar virkjanir sem er í nýtingarflokki eða eru á leið í nýtingarflokk. Fjórðungsþing bendir á að Hvalárvirkjun er þjóðhagslega hagkvæm og eykur áfallapol landsins alls.

Fjórðungsping lýsir yfir áhyggjum af því að útflutningsdrifið hagkerfi Vestfjarða laskist ef:

- *Innviðagjöld á skemmtiferðaskip verði ekki lækkuð í samræmi við orð ráðherra fyrr í ár.*
- *Veidigjöld eru hækkuð nú þegar raungengi er hátt og þorskaflí dregst saman og óvissa um 5,3% aflaheimilda svokallað byggðakerfi.*

Vestfirðir hafa alla tíð verið gullkista Íslands, og við þurfum að standa saman til að svo verði áfram.

Annað.

Í umsögn Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands um Fjármálaáætlun 2026-2030, var gagnrýndur óskýrleiki fjármálaáætlunar er varðar einstök málavíð, með því að lýsa einungis yfirmarkmiðum, sem gerir sveitarfélögum og landshlutasamtökum flóknara að greina þróun verkefna innan málavíða líkt og fyrri fjármálaáætlunum.

Með þróun mælaborðs stjórnvalda og samræming á framsetningu fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjárlaga þá horfir hér til betri vegar. Einnig eru umsagnar fagráðuneyta við fjármálaáætlun og fjárlög mikilvægar upplýsingar, en æskilegt er að þær komi fram í upphafi umsagnartímabils til að auðvelda yfirsýn fyrir umsagnaraðila. Útgjöld ríkissjóðs eru vel sundurliðuð í mælaborði en óskað er eftir að tekjustofnar verði á sama hátt sundurliðaðir til að geta fylgt eftir þróun þeirra s.s. veiðigjald, framleiðslugjald sjókvíaeldis, kílómetragjald og kolefnisgjald.

Fjórðungssamband og Vestfjarðastofa lýsa síðan áhuga á að geta staðsett markmið og framtíðarsýn nýs Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 og við Sóknaráætlun 2025-2029 við áætlanir stjórnvalda til að vinna með eftirfylgni mála og setja ný mál á dagskrá með stjórnvöldum og Alþingi.

Fulltrúar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu óska síðan eftir fundi með fjárlaganefnd til að ræða efni umsagnar og ályktana 70. Fjórðungspings Vestfirðinga.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar

Viðauki

ályktanir 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori þann 2. apríl 2025 .

Þingskjal 9, Ályktun - Þrenna sértækra Vestfjarðaskatta

ályktanir 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti þann 16. og 17. september s.l.. 2025

Þingskjal 18, Ályktun stjórnar, Vestfirðir áfram gullkista

Þingskjal 19, Ályktun um forgangsroðun samgönguverkefna á Vestfirðum

Þingskjal 20, Ályktun um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í Strandabyggð

Þingskjal 21, Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfirðum

Þingskjal 23, Ályktun um aukið samstarf í fræðuslumálum á Vestfirðum

Þingskjal 24, Ályktun um kræklingarækt

Þingskjal 25, Ályktun um setningu laga um lagareldi

Þingskjal 26, Ályktun um byggðakvóta

Þingskjal 27, Ályktun um innviðagjöld

Þingskjal 28, Ályktun um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvæla